

Rétt viðbrögð við rafmagnsslysum bjarga mannlífum

SAMORKA



Er einstaklingur í snertingu við rafmagn?

Ef svo er má alls ekki snerta hann með berum höndum. Rjúfið strauminn að einstaklingnum.

Tryggið öryggi.


112

Lykilatriði er að hringja strax í 112 til að fá aðstoð. Fylgið þeim leiðbeiningum sem þið fáið frá starfsfólki 112.



Lágspennuslys

Takist ekki að rjúfa skalt þú einangra sjálfan þig. Notaðu gúmmívettlinga, gúmmísólaða skó eða stattu á einhverju þurru einangrandi efni. Reyndu að ná einstaklingi úr snertingu við rafmagn, t.d. með vogarafli.



Háspennuslys

Ef ekki er hægt að rjúfa strauminn skal strax hafa samband við rafveitu og bíða eftir skilaboðum um að búið sé að rjúfa strauminn og jarðtengja.



Kannið ástand sjúklings

Opnið öndunarveg. Er öndun eðlileg? Tryggja skal að öndunarvegur haldist opinn með því að ýta höku upp. Ef engin merki eru um líf skal strax hefja hjartahnoð. Hnoðhraði á að vera mikill, 100-120 hnoð/mínútu. Hjartahnoði skal beita þangað til hægt er að gefa einstaklingi hjartarafstuð. Ef sjálfvirk hjartastuðtæki er til staðar skal tengja einstaklinginn strax við það og fylgja fyrirmælum tækisins.

Alltaf skal fara með einstakling á bráðamóttöku sem fengið hefur í sig straum.